

1. Fundur Kjaranefndar LEB

haldinn í höfuðstöðvunum 30.11.2020 kl. 10 - 12

Mætt: Drífa Sigfúsdóttir, Haukur Halldórsson, Jón Ragnar Björnsson, Sigurbjörg Gísladóttir, Sigurður Björgvinsson og Þorbjörn Guðmundsson. Einnig formaður LEB, Þórunn Sveinbjarnardóttir og Viðar Eggertsson, skrifstofustjóri LEB.

1. Formaður LEB setti fund, bauð nefndarmenn velkomna og greindi frá nokkrum kjarabaráttumálum sem eldri borgarar berjast fyrir við daufar undirtektir stjórnvalda.
2. Nefndarmenn kynntu sig og feril sinn í stuttu máli.
3. Nefndarmenn skiptu með sér verkum. Tveir gáfu kost á sér til formennsku. Kosið var um formann og hlaut Drífa 4 atkvæði og Þorbjörn 2. Jón Ragnar gaf kost á sér sem ritari og var það samþykkt.
4. Rætt var um næstu skref, en tími er naumur til að bregðast við fjárlagafrumvarpi næsta árs, 2. umræða er verður 2.12. n.k. Eftir gagnlegar umræður var eftirfarandi texti samþykktur: „Við eldri borgarar krefjumst þess að Alþingi fari að lögum og hækki ellilífeyririnn um 15.750 kr. eins og aðrir fá 2021“

Nefndin lagði til að stjórn LEB noti efnislega þennan texta til auglýsinga í fjölmiðlum, komi honum á framfæri við aðildarfélögin með ósk um að þau herji á stjórnámálum með þessa kröfu.

Ýmislegt fleira var rætt, s.s. nauðsyn þess að við eldri tölum einum rómi út á við, verkefnisstjórn og aðgerðarhóp sem sett voru á laggirnar af aðildarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, þörf fyrir samráðsvettvang um kjör okkar o.fl.

5. Gögn:
 1. Grái herinn skorar á alþingismenn: Farið að lögum! Ódagsett.
 2. Drög að ályktun kjaranefndar LEB. Dags. 30.11.'20.
 3. Samantekt á störfum frá starfshópi um líf skjör og aðbúnað aldraðra. 5.11.'20.
 4. Vinnuskjal dags. 23.11.2020 um fjárhagsleg áhrif tekjutengingar á ellilífeyri.
 5. Minnisblað - kjör aldraðra. Lægstu þrjár tíundirnar. Dags. 30.9.'20.
 6. Hagsmunabaráttu okkar eldri. Dags. nóv. 2020.
 7. Ályktun frá LEB v/fjárlagafrumvarpsins sem lagt var fram 1.10.'20.
 8. Ályktun landsfundar LEB um kjaramál.
 9. Bréf BB til eldri borgara 4.4.2013.
 10. Bréf FEB-R til þingmanna Reykjavíkurdæma 25.11.2020.
 11. Erindisbréf kjaranefndar, ódags.
 12. Staða eldri borgara. Skýrsla 29.9.'20
 13. Samantekt Ágústs Ólafs Ágústssonar á skýrslu 29.9.. Dags. 30.9.'20.
 14. Umsögn Finns Birgissonar um fjárlagafrumvarpið 26.10.'20.

Fleira ekki gert, fundi slitið
Jón Ragnar Björnsson, fundarritari